



**Nefndasvið Alþingis**  
**Félags- og tryggingamálanefnd**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík 25. nóvember 2008

Varðar umsögn um eftirfarandi mál:

- 1) Tillaga til þingsályktunar um málsvara fyrir aldraða. Þskj. 18 – 18. mál
- 2) Tillaga til þingsályktunar um úttekt á aðgengi í gömlu íbúðarhúsnæði. Þskj. 43 – 43. mál
- 3) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum. Þskj. 31 – 31. mál.
- 4) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Þskj. 51 – 51. mál.

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík (FEB) um ofangreind mál. Almennu má segja að FEB styðji öll þau mál sem hér um ræðir og teljum að nái þau fram að ganga verði það til bóta. Varðandi einstök mál þá viljum við segja:

- 1) FEB hefur um nokkurra ára skeið ályktað um og barist fyrir því að stofnað verði sérstakt embætti umboðsmanns aldraðra. Því styðjum við þessa þingsályktunartillögu heilshugar.
- 2) Lagfæringar á aðgengi í gömlu húsnæði er ákaflega mikilvægt mál að mati FEB, ekki síst í ljósi þess að gefa fleiri öldruðum möguleika á að búa lengur í eigin húsnæði. Við lýsum því yfir fullum stuðningi félagsins við framkomna tillögu.
- 3) Líkt og með tillögu um stofnun embættis umboðsmanns aldraðra hefur FEB löngum vakið athygli á því óréttlæti sem felst í því að greiðslur úr lífeyrissjóðum skerði mest allar tekna greiðslur Tryggingastofnunar til ellilífeyrisþega. Nýlega náðist fram leiðrétting á þessum málum hvað varðar örorkulífeyrisþega og þykir okkur löngu tímabært að frítekjumark sé sett á ævisparnað ellilífeyrisþega. Við styðjum þetta frumvarp því heilshugar.
- 4) FEB er sammála þeirri greinargerð sem fylgir þessu frumvarpi og telur mjög eðlilegt að heimilt verði að greiða maka lífeyrisþegans eða öðrum nákomnum fyrir umönnun hans, enda þekkest slíkt í okkar nágrannalöndum og getur á móti sparað dýrt sjúkrahús- eða hjúkrunarrými.

Virðingarfyllst  
f.h. Félags eldri borgara í Reykjavík,

Margrét Margeirsdóttir  
formaður

Sigurður Einarsson  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 136/230  
komudagur 25.11.2008



Alþingi Íslendinga  
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari fél.- og  
trygg.m  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

FÉLAGS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík  
sími: 545 8100 bréfasími: 552 4804  
postur@fel.stjr.is  
www.felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík 24. nóvember 2008  
Tilv.: FEL08110068/0005

Vísað er til bréfs yðar f.h. félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember sl., þar sem ráðuneytinu er send til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum.

Í tilefni af bréfinu vill ráðuneytið taka fram að það er reiðubúið til að veita upplýsingar og svara spurningum sem upp kunna að koma við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið. Að sinni mun ráðuneytið hins vegar ekki gefa almenna umsögn um frumvarpið. Þá skal tekið fram að félags- og tryggingamálaráðherra mun eftir atvikum lýsa afstöðu sinni til málsins, komi það til frekari umfjöllunar á Alþingi.

Fyrir hönd ráðherra

Ágúst Geir Ágústsson



**LANDSSAMBAND  
ELDRI BORGARA**



Nefndarsvið Alþingis,  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík.

*Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/96  
komudagur 17.11.2008*

Reykjavík 14. nóvember 2008

**Efni: 31.mál, Frumvarp til laga um almannatryggingar.**

Framkvæmdastjórn LEB fjallaði um frumvarp til laga um almannatryggingar, 31. mál, á fundi sínum í dag.

Við styðjum við frumvarpið í ljósi þess að þarna er verið að stíga enn eitt skrefið í afnámi tekjutenginga.

Virðingarfylst

*Helgi K. Hjálmsón, formaður LEB.*

*Helgi K. Hjálmsón*

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 136/252**  
**komudagur 26.11.2008**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2008

RG/SLB/065/08

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 100/2007, með síðari breytingum, 31. mál**

Vísað er til bréfs, dags. 5. nóvember 2008 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun veur athygli á því að unnið er að endurskoðun almannatryggingalaganna í verkefnisstjórn á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Viðfangsefni verkefnisstjórnar er heildarendurskoðun almannatryggingalaganna þar sem samspil lífeyrissjóðsgreiðslna og lífeyris verði skoðað sérstaklega.

Virðingarfyllst,



Sigríður Lillý Baldursdóttir  
forstjóri



Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Nefndasvið Alþingis  
Félags- og tryggingamálanefnd  
b.t. Hildar Evu Sigurðardóttur, nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/152*  
*komudagur 19.11.2008*

Reykjavík, 18. nóvember 2008

***Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar.  
136. löggjafarþing 2008-2009.  
Þskj. 31 - 31. mál.***

Vísað er til bréfs nefndarritara félags- og tryggingamálanefndar, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er fylgjandi efni frumvarpsins. Breytingin mun auka lífsgæði þeirra sem í hlut eiga og er í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar.

Virðingarfyllst,

f.h. Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

*Halldór Halldórsson*  
Halldór Hjalti Halldórsson  
lögfræðingur

Alþingi  
Erindi nr. P 136/229  
komudagur 25.11.2008



Nefndasvið Alþingis  
Félags – og tryggingamálanefnd  
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur  
nefndarrítara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (31. mál).

*Viðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að frítækjumarki lífeyrissjóðsgreiðslna lífeyrisþega verði hækkað.*

Nú sem aldrei fyrr þarf ríkissjóður að sýna ráðdeild og aðhald í rekstri. Hvort sem útgjöldin eru stór eða smá þá er ríkissjóður einfaldlega ekki aflögufær enda stendur hann nú frammi fyrir því að þurfa að skera niður útgjöld um 40 ma. kr. eða auka skattheimtur sem því nemur. Með því að samþykkja frumvörp, við aðstæður sem þessar, sem beinlínis fela í sér útgjaldaaukningu er verið að auka á þrýsting til skattahækkana.

Aukin skattbyrði er borin uppi af atvinnutekjum allra Íslendinga, líka ellilífeyrisþegum. Er frumvarpið þannig beinlínis til þess fallið að draga úr ráðstöfunartekjum þeirra sem því er ætlað að aðstoða. Þetta er einungis ein birtingarmynd þess hversu slæmar afleiðingar skattahækkanir hafa almennt í för með sér, en þó sérstaklega við núverandi aðstæður. Auk þess að rýra ráðstöfunartekjur ellilífeyrisþega, sem og annarra, þá draga auknar skattbyrðir úr hvata einstaklinga og fyrirtækja til að afla sér og þar með ríkissjóði tekna. Slík þróun væri vitaskuld afskaplega bagaleg í ljósi þess að verulegs samdráttar er að vænta í tekjum hins opinbera á næstu misserum.

Umtalsverður samdráttur opinberra útgjalda er því eini valkosturinn að mati Viðskiptaráðs.

**Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/163  
Lomudagur 20.11.2008




Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2008

Landssamtökin Þroskahjálpar hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, þskj. 31

Samtökin mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt  
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

  
Friðrik Sigurðsson, framkvæmdastjóri